

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR OG HELGA HILMISDÓTTIR

## „brooo, wtf!?!?“

### Um áhrif stafrænnar tækni á ritun slangurs meðal unglinga

#### *Inngangur*

Í þessari grein er sjónum beint að unglingamáli og fjallað um það hvernig áhrif stafrænnar tækni birtast í rithætti tiltekinna slanguryrða. Gögnin sem eru til skoðunar eru fengin úr rannsóknarverkefninu *Íslenskt unglingamál: Rannsókn á samskiptaáferðum í raungögnum*, sem fólst í að kortleggja íslenskt unglingamál og varpa ljósi á ýmis einkenni þess.<sup>1</sup> Með hugtakinu unglingamál (e. *youth language*) er átt við málnotkun folks á unglingsaldri (það er um 12–18 ára aldur) hvort sem um er að ræða talað eða ritað mál.<sup>2</sup>

Liður í rannsóknarverkefninu var vefkönnun um slangur sem lögð var fyrir unglinga skólaárið 2019–2020. Slangurhugtakið er ekki einfalt að skilgreina vegna þess að slangur er síbreytilegt og jafnan háð túlkun í samhengi.<sup>3</sup> Í *Íslenskri orðabók* frá 2002 er slangur skilgreint sem „óformlegt orðfæri sem víkur frá viðurkenndu málsniði (oft notað í einstökum jaðarhópum og meðal unglinga) með sérkennilegri orðmyndun, umritunum, orðaleikjum og myndauðgi, oft kímilegt og kröftugt, á Íslandi með talsverðri blöndun við

<sup>1</sup> Verkefnið hlaut styrk úr rannsóknarsjóði Rannís á árunum 2018–2020. Verkefnisstjóri var Helga Hilmisdóttir en aðrir í stjórn verkefnisins voru Ásgrímur Angantýsson, Ásta Svavarsdóttir, Finnur Friðriksson, Jón Guðnason og Sigríður Sigurjónsdóttir.

<sup>2</sup> Androutsopoulos bendir á að hugtakið sé mjög vítt og megi því bera saman við rannsóknarsvið á borð við barnamál (e. *child language*) eða fjölmiðlamál (e. *media language*). Jannis Androutsopoulos, „Research on Youth Language“, *An International Handbook of the Science of Language and Society 2*, ritstjórar Ulrich Ammon o.fl., Berlín: De Gruyter, 2005, bls. 1496–1505, hér bls. 1496.

<sup>3</sup> Sbr. Julie Coleman, *Global English Slang. Methodologies and Perspectives*, London: Routledge, 2014, bls. 1–7.



aðrar tungur.<sup>4</sup> Nú á dögum nota fræðimenn slangurhugtakið þó ekki aðeins yfir orðaförða heldur einnig yfir ýmsa kerfisbundna þætti eins og til dæmis mynstur í orðmyndun, notkun orðræðuagna, beitingu hljómfalls og notkun ýmissa stílbrigða.<sup>5</sup> Val á málsniði tengist ekki síst sjálfsmynd en rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk er almennt meðvitað um það hvers kyns málsnið er við hæfi hverju sinni og á auðvelt með að laga mál sitt að aðstæðum.<sup>6</sup> Þannig er ólíklegt að unglingur noti sama málsnið í samræðum við jafnaldra sína eins og til dæmis við aldrað skyldmenni eða í námsritgerð.

Þátttakendur vefkönnunarinnar voru beðnir um að nefna slanguryrði yfir valin hugtök úr almennu máli og búa síðan til dæmi um notkun nokkurra þeirra. Sams konar könnun var lögð fyrir haustið 2000 og því er mögulegt að bera niðurstöðurnar saman til að kanna hvers konar breytingar hafa átt sér stað á slangurorðaförða unglinga.<sup>7</sup> Fyrri könnunin var lögð fyrir á pappír, en sú seinni rafrænt. Í millitíðinni urðu til samfélagsmiðlar, snjallsímar og fleiri stafrænar tækninýjungar, og því er líklegt að samanburðurinn leiði í ljós áhrif stafrænnar tækni séu þau fyrir hendi, þó svo að slíkt geti vissulega birst í svörum við báðum könnunum.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar liggja til grundvallar:

- 1) Hvaða aðferðir nota unglingar til að koma til skila einkennum talaðs máls sem annars glatast í ritun, til dæmis tónfalli, raddblæ, áherslum, svipbrigðum og líkamstjáningu?
- 2) Hvaða áhrif hefur notkun snertiskjáa og lyklaborða á rithátt?
- 3) Má greina mun á áhrifum stafrænnar tækni eftir uppruna orða?

Til þess að leita svara við rannsóknarspurningunum verða tekin dæmi úr fyrrnefndum könnunum. Greinin er þannig uppbyggð að fyrst er fjallað um netsamskipti og rannsóknir á þeim. Síðan er sagt frá þeim efniviði sem

<sup>4</sup> *Íslensk orðabók*, ritstjóri Mörður Árnason, Reykjavík: Edda, 2002.

<sup>5</sup> Helga Hilmisdóttir, „Íslenskt unglíngamál í alþjóðlegu samhengi“, *Skírni* 192: (vor)/2018, bls. 59–74, hér bls. 62–64.

<sup>6</sup> Sjá til dæmis Mark Sebba, *London Jamaican*, London: Routledge, 1993; Ben Rampton, *Crossing. Language and Ethnicity Among Adolescents*, London og New York: Longman, 1995; Ara Pál Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn, „Evaluation of different registers in Icelandic written media“, *Language (De)standardisation in Late Modern Europe. Experimental Studies*, ritstjórar Tore Kristiansen og Stefan Grondeleers, Ósló: Novus, 2013, bls. 331–354.

<sup>7</sup> Sjá Ragnheiði Jónsdóttur, „*Fáðu þér eina smellý og chillaðu broski*“. *Um ensk aðkomuorð í slangurorðaförða unglinga á Íslandi*, MA-ritgerð í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, 2021, <http://hdl.handle.net/1946/37361>.

liggur til grundvallar, það er að segja könnunum tveimur, uppbyggingu þeirra og útfærslu, en að því loknu er fjallað um helstu niðurstöður. Greininni lýkur á samantekt og umræðu þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru settar í stærra samhengi.

### *Netsamskipti og áhrif þeirra á tungumál*

Erlendis hefur töluvert verið fjallað um málnotkun á rafrænum samskiptamiðlum og um áhrif stafrænnar miðlunar á tungumál.<sup>8</sup> Hér á landi eru slíkar rannsóknir skemmra á veg komnar, en í grein Vanessu Isenmann frá 2014 veitir höfundur fyrir sér hvort netsamskipti (e. *computer-mediated communication*) leiði af sér nýtt afbrigði af íslensku.<sup>9</sup> Í dæmum sem Isenmann greinir má merkja nýtt málsnið sem samræmist ekki hefðbundnum viðmiðum ritmálsins og það sama á við um athuganir Androutsopoulos.<sup>10</sup> Notendur virðast laga mál sitt að nýrri tækni og hin hefðbundna hugmynd um að formlegt málsnið hæfi best í rituðu máli á ekki lengur við, enda væri nær að lýsa þeim nýju viðmiðum sem myndast hafa í netsamskiptum sem nýju málsniði á mörkum ritmálsstíls og talmálsstíls.<sup>11</sup>

Regnhlífarhugtakið netsamskipti kom fyrst fram á níunda áratug tuttugustu aldar og átti þá við um tölvusamskipti en nær nú yfir hvers kyns samskipti með stafrænum rafeindatækjum.<sup>12</sup> Í fyrstu var einkum fjallað um málfar á spjallrásum, bloggum og í smáskilaboðum sendum úr farsímum en þróunin hefur verið hröð undanfarna áratugi, ekki síst vegna tilkomu samfélagsmiðla. Út frá sjónarhóli málvísinda telst hugtakið netsamskipti þó full vítt, enda nær það ekki aðeins yfir málfarsleg atriði heldur einnig yfir myndir, tákni, tónlist og fleira sem málnotendur nýta sér í samskiptum við aðra. Til að mynda kys Crystal að nota heldur hugtakið netmálvísindi (e.

<sup>8</sup> Sjá til dæmis Jannis Androutsopoulos og Andreas Stæhr, „Moving methods online. Researching digital language practices“, *The Routledge Handbook of Language and Superdiversity*, ritstjórar Angela Creese og Adrian Blackledge, London: Routledge, 2018, bls. 118–132.

<sup>9</sup> Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, *Orð og tunga* 16: 2014, bls. 69–91.

<sup>10</sup> Sjá Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media. A review of conceptions and evidence“, *Standard Languages and Language Standards in a Changing Europe*, ritstjórar Tore Kristiansen og Nikolas Coupland, Ósló: Novus, 2011, bls. 145–160.

<sup>11</sup> Sjá Ara Pál Kristinsson, „Innri breytileiki og málsnið. Athugun á mismunandi textum eins málnotanda“, *Orð og tunga* 23: 2021, bls. 1–33.

<sup>12</sup> Crispin Thurlow, Laura Lengel og Alice Tomic, *Computer Mediated Communication. Social Interaction and the Internet*, London: Sage Publications, 2004, bls. 16.

*Internet linguistics*) eða nettal (e. *netspeak*) yfir málfar sem tíðkast á netinu.<sup>13</sup> Burtséð frá því hvaða heiti eru notuð um slík samskipti þá er ljóst að þau eru alþjóðlegt menningarfyribæri. Svo virðist sem áhrif stafrænnar tækni komi fram með svipuðum hætti þvert á tungumál, þó að hvert mál og hver notandi hafi jafnframt sín sérkenni.<sup>14</sup>

Androutsopoulos telur að við greiningu netsamskipta skuli líta til fjögurra meginþátta og eru það sömu þættir og Isenmann fjallar um í sinni grein.<sup>15</sup> Í fyrsta lagi nefnir hann talmálsupplifun (e. *conceptual orality*) sem þýðir að málnotandinn (og móttakandinn) líti á textann sem talað mál þótt hann sé í rituðu formi. Þetta snýr til dæmis að mikilli notkun orða sem talin eru einkenna munnleg samskipti. Í því samhengi má nefna upphrópanir af ýmsum toga og framandorð á borð við *girl* og *crazy*. Þar sem efniviðurinn sem þessi rannsókn er unnin upp úr byggist á könnun á orðaforða verður ekki fjallað sérstaklega um slík áhrif. Líta verður svo á að öll orð sem safnast í slangurrannsókn tilheyri óformlegu talmáli.

Í öðru lagi nefnir hann táknfræðilega uppbót (e. *semiotics of compensation*) en hún gegnir því hlutverki að bæta upp fyrir þau einkenni talaðs máls sem glatast við yfirfærslu í ritað mál, eins og til dæmis hlátur, bros og ýmiss konar hljómrænir þættir. Þriðja atriðið mætti á íslensku kalla skilvirkni (e. *linguistic economy*), en hún kemur meðal annars til af tímapressu og takmörkunum á textalengd sem oft einkenna netsamskipti og textagerð á samfélagsmiðlum. Til dæmis mega færslur á samfélagsmiðlinum Snapchat aðeins vera 31 slag en Twitter-færslur, sem ef til vill höfða minna til unglinga, mega vera 280 slög.<sup>16</sup> Fjórða og síðasta atriðið er óvenjuleg notkun stafatákna (e. *graphostylistics*) sem snýr til dæmis að nýjum og oft frumlegum leiðum til að nýta sér lykllaborðið.<sup>17</sup>

<sup>13</sup> David Crystal, *Language and the Internet*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001, bls. 24; David Crystal, *Internet Linguistics. A Student Guide*, London: Routledge, 2011, bls. 2.

<sup>14</sup> Sjá til dæmis David Crystal, *Language and the Internet*, bls. 78–86; Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 145–160; Lieke Verheijen, „WhatsApp with social media slang? Youth language use in Dutch written computer-mediated communication“, *Investigating Computer-Mediated Communication. Corpus-Based Approaches to Language in the Digital World*, ritstjórar Darja Fišer og Michael Beißwenger, Ljubljana: University of Ljubljana, 2017, bls. 72–101, hér bls. 76.

<sup>15</sup> Umfjallanir Androutsopoulos og Isenmann eru á ensku og því eru íslensku hugtökin þýðingar höfundu.

<sup>16</sup> Um málsniðið sem notað er á Twitter, sjá Ara Pál Kristinsson, „Innri breytileiki og málsnið“, bls. 1–33.

<sup>17</sup> Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 150–153.

Ekki má gleyma að bæði slangur og málnotkun á netinu taka sífelldum breytingum og þróast hratt í takt við nýja tækni. Niðurstöður eiga því á hættu að úreldast fljótt. Mikilvægt er að málvísindamenn fylgist vel með þróuninni, safni gögnum og vinni jafnt og þétt úr upplýsingum. Líkt og Crystal bendir á geta ný orð náð heimsútbreiðslu á aðeins örfáum klukkustundum sem fyrir tilkomu internetsins hefði jafnvel tekið fleiri ár.<sup>18</sup> Sem dæmi um slíkt má nefna myllumerkið #MeToo sem fór á flug í netheimum og breiddist út á örskotsstundu. Samt sem áður segir Crystal netnotkun hingað til hafa haft takmörkuð áhrif á tungumál og á þá við þann stöðugleika sem þrátt fyrir allt ríkir í málkerfi hvers tungumáls.<sup>19</sup>

### *Efniviður – Tvær kannanir á slangri*

Gögn sem notuð eru til að rannsaka hvernig stafræn tækni endurspeglar í ritun samanstanda venjulega af sjálfsprottnum samskiptum. Til að mynda byggist rannsókn Isenmann á netsamskiptum á færslum sem birtust í umræðum hóps á Facebook.<sup>20</sup> Þau gögn sem hér eru til skoðunar eru hins vegar af öðrum toga því þeim var safnað með tveimur könnunum um slanguryrði sem lagðar voru fyrir með tæplega tuttugu ára millibili.

Haustið 2000 var slangurorðakönnun send grunn- og framhaldsskólum um allt land með þeirri ósk að hún yrði lögð fyrir nemendur í tíunda bekk og á framhaldsskólastigi (hér eftir nefnd 2000-könnunin). Könnunin, sem send var með pósti og ljósrituð í hverjum skóla fyrir sig, var hluti af umfangsmiklu norrænu samstarfsverkefni um unglíngamál, *Språkkontakt och ungdomsspråk i Norden*. Einn liður í því var að bera saman slangurorðaforða unglínga á Norðurlöndum.<sup>21</sup> Íslensku þátttakendurnir fengu lista sem innihélt 63 orð og orðasambönd á borð við LÖGREGLA, SKEMMTILEG(UR)/FYNDIN(N), DANSÁ og FARÐU BURT! og voru beðnir um að skrifa niður eins mörg slanguryrði og þeir mundu yfir hvert og eitt þeirra.<sup>22</sup> Könnunin var lögð

<sup>18</sup> David Crystal, *Internet Linguistics*, bls. 57.

<sup>19</sup> Sama heimild, bls. 57.

<sup>20</sup> Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, bls. 69–91.

<sup>21</sup> Um niðurstöður slangurkannananna á Norðurlöndunum má meðal annars lesa í: Ulla-Britt Kotsinas, „Engelska ord i nordisk slang“, *Jallaspråk, slanguage og annet ungdomsspråk i Norden*, ritstjórar Eli-Marie Drange o.fl., Kristiansand: Høyskoleforlaget, 2002, bls. 37–62.

<sup>22</sup> Í umfjöllunum um sænsku könnunina eru orðin á spurningalistanum kölluð *bjudord*. Þau eru hér rituð með hásteflingum til aðgreiningar eins og hefð er fyrir í orðfræðirannsóknnum þegar átt er við merkingarflokka, en voru rituð með hefðbundnum hætti í könnuninni sjálfri.

fyrir í kennslustund og við henni bárust handskrifuð svör 1037 nemenda víðs vegar af landinu.<sup>23</sup>

Könnunin var síðan endurtekin í eilítið breyttri mynd skólaárið 2019–2020 (hér eftir nefnd 2020-könnunin eða vefkönnunin) og lögð fyrir nemendum sem hluti af rannsóknarverkefninu *Íslenskt unglíngamál*. Við gerð hennar var notast við forritið Google Forms og að fengnu leyfi skólafyrvalda var könnunin framsend kennurum sem lögðu hana fyrir nemendum. Líkt og í fyrri könnuninni nefndu þátttakendur þar slangur yfir valin hugtök (44 talsins) en að auki voru þeir beðnir um að velja þrjú af þeim slanguryrðum sem þeir sjálfir höfðu skrifað og búa til dæmi um notkun þeirra. Til dæmis var spurt um nafnorðið LÖGREGLA og einn þátttakenda skrifaði svörin *popo* og *lögga*, og bjó svo til dæmið *fuck popo*. Annar þátttakandi valdi að búa til dæmi um slanguryrði sem hann nefndi yfir það að SLAPPA AF og skrifaði *chillaðu ma'r*. Þátttakendur svöruðu ýmist á tölvur, spjaldtölvur eða síma og alls bárust svör frá 1096 nemendum úr tíu skólum. Um það bil 84% þeirra voru á aldrinum 16–18 ára, flestir búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurlandi en einnig hluti á Norðurlandi. Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt, 55% stúlkur, 43% drengir og 2% ótilgreint. Nær allir sögðust nota tölvur eða snjalltæki daglega og flestir merktu við tónlist, kvikmyndir og sjónvarpsþætti þar sem spurt var um áhugamál.

Í leiðbeiningum voru unglíngarnir beðnir um að skrifa slanguryrði sem þeir sjálfir eða jafnaldrar þeirra gætu notað auk þess sem útskýrt var að slangur væri algengt í spjalli innan vinahópa. Ætlunin með því var annars vegar að fá sem skýrasta mynd af því hvaða slanguryrði væru í notkun yfir gefin hugtök, og hins vegar sú að nemendur upplifðu könnunina ekki sem hefðbundið skólaverkefni heldur fengju þeir lausan tauminn við að svara. Þátttakendur voru beðnir um að skrifa eins mörg slanguryrði og þeir mundu yfir hvert hugtak fyrir sig en þeim var einnig frjálst að sleppa því að svara.

*Mynd 1* sýnir ljósmynd af svari við eldri könnuninni en *Mynd 2* skjáskot af vefkönnuninni.

stúlka gella, skvissa, þæja, chidi, kerling, babe

Mynd 1: Ljósmynd af 2000-könnuninni.

<sup>23</sup> Sjá Helga Hilmisdóttir, „Íslenskt unglíngamál í alþjóðlegu samhengi“, bls. 59–74; Helga Hilmisdóttir, „Den morfologiska anpassningen av främmande ord i isländskt ungdomsspråk“, *Ungdommers språkmöter*, ritstjórar Anna-Brita Stenström o.fl., Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd, 2000, bls. 141–156.

## Stelpa

### Bitch, gurl, girl, friend

Mynd 2: Skjáskot af 2020-könnuninni.

#### *Ábrif stafrænnar tækni í svörum unglinga*

Hér verða svör við vefkönnuninni í brennidepli og fjallað um helstu breytingar sem þar koma fram og tengjast stafrænni tækni. Líkt og þegar hefur komið fram verður hér fjallað um þrjá af fjórum meginþáttum í greiningu á netsamskiptum, það er tákfræðilega uppbót, skilvirkni og notkun stafatákna, en ekki verður fjallað sérstaklega um talmálsupplifun.

#### **A) Tákfræðileg uppbót**

Í svörum sínum við vefkönnuninni nota nemendur einkum þrjár leiðir til að bæta upp fyrir atriði sem glatast í ritmáli: stafamargföldun, tákmyndir og hástafi.

Fjölmörg dæmi um stafamargföldun (e. *reduplication*) koma fyrir í svörum við vefkönnuninni. Slíkt er afar fátítt í svörum við 2000-könnuninni og má því túlka sem skýrt dæmi um áhrif stafrænnar tækni á rithátt. Lyklaborð gera notendum kleift að halda inni tökkum og margfalda þannig stafi að vild, og sömuleiðis má með góðu móti endurtaka stafi með notkun snertiskjás með því að ýta ítrekað á sama takkann. Vegna smæðar og næmni búnaðarins má þó jafnframt gera ráð fyrir því að stundum slæðist stafir óvart með.

Í 2000-könnuninni nefndu 26 þátttakendur orðið *girl* sem slanguryrði yfir STÚLKU og þá kom það fyrir í 6 ólíkum ritmyndum: *girl*, *girla*, *görl*, *girls*, *girly* og *girlfriend*. Engin þessara ritmynda sýnir dæmi stafamargföldunar. Í 2020-könnuninni nefndu 112 þátttakendur sama orðið sem slanguryrði yfir STELPU og þá kom það fyrir í 15 ólíkum ritmyndum. Af þessum 15 ritmyndum sýna 10 þeirra dæmi um stafamargföldun: *girl*, *girllll*, *girl*, *gurrrrl*, *gurlll*, *guuurl*, *girlzzzz*, *girlzzzzz*, *giürl* og *giüürl*. Af þessu má ráða að notendur lyklaborða og snertiskjóa leiki sér að því að margfalda stafi til dæmis í því skyni að skapa tiltekin hughrif, túlka framburð eða vísa í dægurmenningu á borð við sjónvarpsþætti og tónlist. Eins og dæmin gefa til kynna virðast orðin ýmist lengd í því skyni að líkja eftir mæltu máli<sup>24</sup> (til dæmis *guuurl*) eða leika sér að því sjónrænt (til dæmis *girlzzzz*).

<sup>24</sup> Sbr. hugmyndir Androutsopoulos um talmálsupplifun í netsamskiptum. Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 145–160.

Stafamargföldun virðist vera lykiltríði í rituðu máli þegar ætlunin er að túlka talað mál, enda notuðu nokkrir þátttakendur vefkönnunarinnar slíkt til þess að útskýra framburð. Dæmi (1)–(5) sýna notkun nemenda á stafamargföldun:

- (1) *þegar að ég heilsa vinkonum mínum þá er skemmtilegra að segja „beyyy gurrllll“ þá er meiri stemming heldur en að segja hæ vinkona.*
- (2) *það er crazyyy - þegar einhver segir manni eitthvað águgavert. [sic]*
- (3) *blessuð: ert að mæta vinkonu þinni á ganginum, segir þetta af krafti og lengi: bleeeeeeuð.*
- (4) *þú ert svooo fun.*
- (5) *svooooo nææææææ.*

Eins og sést í dæmum (3)–(5) er stafamargföldun ekki síður notuð þegar verið er að skrifa íslensk orð. Þetta á reyndar einnig við um orð úr öðrum tungumálum þó að slíkt orð séu fátíð í samanburði við þau ensku og íslensku. Af þeim var danska/norska orðið *penge(r)* vinsælast en alls nefndu 220 þátttakendur vefkönnunarinnar það sem slangurorði yfir PENINGA. Þrír þeirra endurtóku bókstafinn *e*, það er að segja tveir rituðu orðið *pengee* og einn *pengee*. Til samanburðar kom orðið *penge(r)* 29 sinnum fyrir í 2000-könnuninni en í þeim tilfellum er stafamargföldun hvergi sjáanleg.

Áhrif stafrænnar tækni á ritmál birtast skýrt í notkun stafrænna táknmynda (e. *emoji/emoticon*). Þær koma fyrir í svörum við vefkönnuninni en ekki verður fjallað ítarlega um þær hér, enda er erfitt að greina munstur í notkun þeirra í þeim gögnum sem hér eru til skoðunar. Orðið *emoji* er japanska og merkir mynd og bókstafur, en íslensk nýyrði yfir stafrænar táknmyndir eru til dæmis tjámerki og lyndistákn. Táknin eru notuð til þess að tjá ýmiss konar tilfinningar, hugmyndir og hluti, og koma ýmist fyrir stök eða ásamt orðum til áhersluauka. Vinsældir táknmyndanna hafa aukist jafnt og þétt frá því þær komu fyrst fram árið 1997 en það var þó ekki fyrr en um 2015 sem notkun þeirra fór á flug og varð nánast nauðsynlegur partur af rituðum stafrænum samskiptum.<sup>25</sup> Með því að bæta broskarli við skilaboð er hægt að tjá bros frá sendanda og eins má senda tákn sem sýnir til dæmis hlátur eða sorg. Í formála að bók sinni um stafrænar táknmyndir segir Ev-

<sup>25</sup> Marcel Danesi, *The Semiotics of Emoji. The Rise of Visual Language in the Age of the Internet*, London: Bloomsbury, 2016, bls. 2.



ans þær endurspeгла grundvallarþætti mannlegra samskipta og gegni mun mikilvægara hlutverki en margir telji.<sup>26</sup>

Í svörum við vefkönnuninni koma nokkrar gerðir tákmynda fyrir, og standa þá ýmist einar og sér eða ásamt orðum. Hið síðarnefnda má sjá á *Mynd 3*.

## Hvernig heilsar þú besta vini þínum/bestu vinkonu?

### Howdy hoēs 👍

Mynd 3: Stafræn tákmynd sem hluti af svari.

*Mynd 3* sýnir svar nemanda við spurningunni HVERNIG HEILSAR ÞÚ BESTA VINI ÞÍNUM/BESTU VINKONU? Á eftir ensku kveðjunni *howdy hoēs* fylgir tákmynd af hönd sem myndar friðarmerki með fingrunum. Því má segja að tákmyndin komi í staðinn fyrir líkamstjáningu nemandans þegar hann kastar kveðju á vini sína í raunheimum en glatast í skriflegum samskiptum. Færri tákmyndir koma fyrir í svörum árið 2000, enda svöruðu þátttakendur könnuninni á pappír með venjulegum skriflegum. Þó má finna fáein dæmi þess að teiknaðar hafi verið myndir til að tjá svipbrigði. Af þeim kemur hinn hefðbundni broskar! :) sem gerður er úr greinarmerkjum oftast fyrir, en uppruni hans er rakinn til netsamskipta í Bandaríkjunum í byrjun níunda áratugar síðustu aldar.<sup>27</sup>

Lengi hefur tíðkast að nota hástafi til áhersluauka en ætla má að með netsamskiptum hafi það fæst í vöxt.<sup>28</sup> Þegar heil orð eða orðasambönd eru rituð með hástöfum er tilgangurinn venjulega sá að tjá tilfinningar eins og reiði, gleði eða eftirvæntingu, til þess að líkja eftir hrópum og köllum, eða einfaldlega vekja athygli.<sup>29</sup> Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum sem þátttak-

<sup>26</sup> Vyvyan Evans, *The Emoji Code. How Smiley Faces, Love Hearts and Thumbs Up are Changing the Way We Communicate*, London: Michael O'Mara Books, 2017, [bls. 3].

<sup>27</sup> Marcel Danesi, *The Semiotics of Emoji*, bls. 3.

<sup>28</sup> Í grein Isenmann má sjá dæmi um notkun hástafa (e. *capitalization*) í netsamskiptum á íslensku, sjá Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, bls. 82–83.

<sup>29</sup> Sama heimild, bls. 82–83; Lisa Hilde, Reinhild Vandekerckhove og Walter Daelemans, „Social media writing and social class. A correlational analysis of adolescent CMC and social background“, *International Journal of Society, Culture & Language* 6: 2/2018, bls. 73–89, hér bls. 77.

endur settu saman í lok vefkönnunarinnar til að sýna notkun slanguryrða í samhengi. Í dæmi (6) eru hástafir notaðir til að leggja áherslu á orðið *king*, í dæmi (7) til að láta í ljós ákafa eða eftirvæntingu, en í dæmi (8) virðist ætlunin vera sú að tjá reiði og háreysti.

(6) *hann er svo mikill KING = hann er svo skemmtilegur og fyndinn.*

(7) *gaurar ITS GAMER TIME.*

(8) *HÆTTU ÞESSU KURWAMADISHKE!*

Gera má ráð fyrir því að hástafir séu algengari í rituðum samskiptum unglunga heldur en þeir eru í þeim gögnunum sem hér eru til skoðunar enda kalla stakar spurningar í vefkönnun varla fram mikla ákefð meðal svarenda. Samt sem áður má bera saman svör undir ólíkum liðum til þess að kanna í hvaða tilgangi hástafir eru notaðir. Við spurningunni HVAÐ SEGIRÐU VIÐ ÞANN SEM ÞÚ ERT REIÐ(UR) VIÐ? bárust þrettán svör sem rituð eru alveg eða að hluta til með hástöfum.<sup>30</sup> Þar er meðal annars að finna skammaryrðin *TÍK*, *TUSSA* og *BITCH*, upphrópunina *AAAAHHHHH*, skammstöfunina *KYS* (> *kill yourself*) og setningarnar *ERTU AÐ DJOKA Í MÉR?* og *FUCK YOU YOU BITCH ASS MOTHEHUCA PISS OFF M8*. Í öllum þrettán tilvikunum virðist ætlunin vera sú að tjá tilfinningahita eða hækkaðan málróóm enda má segja að spurningin bjóði upp á slíkt. Til samanburðar skal litið á svör undir öðrum lið í sömu könnun sem kallar ekki á jafn tilfinningaþrungin slanguryrði. Undir liðnum *SÍMI* var það einungis skammstöfunin *GSM* sem birtist í hástöfum. Hún kom tvisvar fyrir og er skammstöfun fyrir Global System for Mobile communications.

## B) Skilvirkni

Í svörum sínum við vefkönnuninni nota nemendur einkum fjórar leiðir til að gera ritmálið skilvirkara (e. *linguistic economy*): skammstöfun með upphafsstöfum, samdrátt orða, afklippur og broddlausu bókstafi.

Þegar svörin við vefkönnuninni eru athuguð kemur í ljós að orðasambönd úr ensku eru gjarnan skammstöfuð með upphafsstöfum (e. *initialism*). *Tafla 1* sýnir nokkur dæmi og tíðni þeirra. Til útskýringar eru orðasamböndin einnig sýnd óstytt.

<sup>30</sup> Hér eru þó ekki talin með orð sem hefjast á hástaf enda er það frekar regla en undantekning í svörum þátttakenda við vefkönnuninni, ef til vill vegna sjálfvirkra stillinga í tækjabúnaði.

Skammstöfun	Fjöldi	Grunnmynd
stfu	46	shut the fuck up
bff	28	best friend forever
omg	15	oh my god
gtfo	11	get the fuck out
idc	10	I don't care
wtf	9	what the fuck

Tafla 1: Skammstafanir í svörum vefkönnunarinnar.

Sem dæmi kemur orðasambandið *shut the fuck up* alls 46 sinnum fyrir í myndinni *stfu*, (þar af tvisvar sinnum ritað með hástöfum, *STFU*), þar sem spurt er um slanguryrði yfir upphrópunina ÞEGIDU! Á sama hátt kemur orðasambandið *get the fuck out* alls 11 sinnum fyrir í myndinni *gtfo* (þar af tvisvar sinnum ritað með hástöfum, *GTFO*), þar sem spurt er um slanguryrði yfir upphrópunina FÆRÐU BURT! Einn þátttakandi útskýrði notkun þess þannig:

- (9) *gtfo = fullt af folki segir þetta , bara ef einhver kemur og þú villt að hann fari , einhver er þirrandi þá bara segir þú Get the fuck out og bætir td staðin sem þið eruð á, Get the fuck out ur husinu minnu.*

Skammstöfunin *bae* var nefnd 58 sinnum yfir nafnorðið KÆRASTA og 50 sinnum yfir KÆRASTI en ekki er þó víst að merking hennar eða uppruni sé íslenskum málnotendum almennt kunnug. Athugasemdir notenda á *Urban Dictionary* benda til þess að orðið sé annaðhvort skammstöfun á enska orðasambandinu *before anyone else*, eða tilbrigði við orðið *babe* í merkingunni 'elskan'. Bókstafirnir *a* og *e* koma ekki fyrir sem sérhljóðaklasar í íslenskum orðum þannig að orðið fellur ekki vel að íslensku málkerfi. Þátttakendur gerðu þó engar tilraunir til að laga það að íslenskum rithætti. Nokkrir unglíngar sem rannsakendur ræddu við sögðust ekki nota orðið *bae* nema í rituðu máli. Dæmi (10) sýnir tillögu þátttakanda vefkönnunarinnar að notkun þess.

- (10) *för með bae í bíó um belgina.*

Í vefkönnuninni var spurt um slanguryrði yfir það að SENDA SKILABOÐ Í GEGNUM SAMFÉLAGSMÍÐLA og meðal þeirra svara sem oftast komu fyrir voru skammstafanirnar *dm* > *direct message* og *pm* > *private message*. Nokkrir þátttakendur útskýrðu hvernig bera skyldi orðin fram, til dæmis *déemma* og *díemma*, og sumir sýndu dæmi um notkun þeirra.

(11) *ég DM-aði hann á Instagram.*

(12) *ég var að senda dm á hann.*

(13) *ok, sendu mér PM.*

Þessar skammstafanir koma ekki fyrir í svörum við 2000-könnuninni, enda voru forritin sem þeim tengjast ekki orðin til þegar hún var lögð fyrir (þá er átt við samfélagsmiðla eins og Instagram, Snapchat og Twitter).

Þær ensku skammstafanir sem hér hafa verið taldar upp virðast skila sér beint inn í íslenskt unglíngamál úr alþjóðlegu máli netsamskipta því samkvæmt leitarniðurstöðum á netinu eru þær notaðar í fjölda tungumála. Nær engin dæmi er að finna um skammstafanir á íslenskum orðasamböndum með upphafsstöfum í svörunum, en þar má helst nefna *m & p*, í merkingunni *mamma og pabbi*, sem þó gæti allt eins átt uppruna sinn í ensku.

Í svörum við vefkönnuninni koma orð gjarnan fyrir í óhefðbundnum ritmyndum og stundum eru einungis örfáir bókstafir orðsins ritaðir, það er skammstöfun með samdrætti (e. *contraction/sbortening*). Slík tilvik geta vísað í einstaka orð en eru þó oft mynduð úr orðasamböndum. Erfitt er að greina einhver mynstur sem segja til um það hvaða stafir eða hljóð falla á brott en algengt virðist vera að fella út sérhljóða. Sem dæmi um slíka orðmyndun má nefna listamannsnafið *GDRN* sem er dregið af kvenmannsnafninu Guðrún. *Tafla 2* sýnir algeng dæmi um samdrátt í svörum vefkönnunarinnar.

Samdráttur	Fjöldi	Grunnmynd
örgl	109	örugglega
sup	78	what is up?
gg	51	geggað
nvm/nwm	48	nevermind
fkn	36	fucking/fokking
prbly/prolly	12	probably

Tafla 2: Skammstafanir með samdrætti í svörum vefkönnunarinnar.

Sem dæmi var spurt um slanguryrði yfir *ÞAÐ SKIPTIR EKKI MÁLI!* og þá kom enska orðið *nevermind/never mind* 76 sinnum fyrir, en styttingin *nvm/nwm* kom 48 sinnum fyrir. Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvernig þeir heilsuðu besta vini sínum eða bestu vinkonu sinni skrifuðu 40 þeirra enska

orðasambandið *what is up?* í tilbrigðum á borð við *what's up*, *whatsup* og *wha-tup* en 78 skrifuðu einfaldlega *sup*.

Þessi aðferð við að draga saman og einfalda er þó ekki bundin við ensk orð og orðasambönd heldur eru íslensk orð stytt á sama hátt. Undir liðnum FRÁBÆRT! er orðið *geggjað* ritað með hefðbundnum hætti 386 sinnum en það kemur einnig 51 sinnum fyrir í ritmyndinni *gg*. Sömuleiðis kemur ritmyndin *örgl* alls 109 sinnum fyrir undir liðnum ÖRUGGLEGA! Eitt af því sem vakti athygli rannsakenda var tíðni styttinga á borð við *eih/eibv* > *einhver/eitthvað* og *afh* > *afhverju*, en hefðbundnar skammstafanir sem innihalda bandstrik á milli upphafsstafs og síðasta stafs í orði er hvergi að sjá. Eftirfarandi dæmi er búið til af þátttakanda vefkönnunarinnar:

(14) *eih segir eih sem er svekkjandi eða er þirrandi þá svara ég „bruh“.*

Eitt vinsælasta orðið í svörum unglínganna við vefkönnuninni var einmitt *bro* > *brother* ‘bróðir/félagi’ og innihéldu um fimmtíu dæmi þetta orð í hinum ýmsu ritmyndum (til dæmis *bruh/bruv/broski*). Enska orðið *sis* > *sister* ‘systir/vinkona’ kemur einnig fyrir í svörunum þó það hafi ekki náð viðlíka vinsældum.

Orð eins og *bro* og *sis*, sem eru vísvitandi ókláruð, kallast hér afklippur (e. *clipping*). Annað algengt dæmi er *ma* og *pa*, sem 125 þátttakendur vefkönnunarinnar nefndu þegar spurt var um slanguryrði undir liðnum FORELDRAR. Tafla 3 sýnir dæmi um algengar afklippur í svörum vefkönnunarinnar.

Afklippa	Fjöldi	Grunnmynd
ma og pa	125	mamma og pabbi
(það) skiptir	101	það skiptir ekki máli
prob(s)	35	probably
þe(eeeeeeee)	21	þegiðu
vænt	20	væntanlega
def	9	definitely

Tafla 3: Afklippur í svörum vefkönnunarinnar.

Í stað *mamma* og *pabbi* er fljótlegra að skrifa *ma* og *pa*, líkt og 125 þátttakendur vefkönnunarinnar gerðu. Til samanburðar stytstu einungis þrjár þátttakendur 2000-könnunarinnar orðin á þennan hátt en sex rituðu upphafsstafina *m* og *p*.

Á sama hátt er flýtt fyrir ritun í orðum eins og *vænt* > *væntanlega* og *þe* > *þegiðu*, líkt og þó nokkur dæmi eru um í svörum við vefkönnuninni. Reyndar sjást einnig dæmi um stafamargföldun í afklippum, sem sýnir að búnaðurinn skiptir máli þegar kemur að vali á rithætti (sbr. umfjöllun um stafamargföldun hér að framan). Fimm þátttakendur vefkönnunarinnar rituðu einfaldlega *þe* í stað *þegiðu*, en sextán þátttakendur endurtóku bókstafinn *e* allt upp í átta sinnum (*þeeeeeeee*).

Athyglisvert er einnig hvernig klippt er aftan af segðum. Flest dæmin um slíkt koma fyrir undir liðnum ÞAÐ SKIPTIR EKKI MÁLI þar sem svarið *skiptir* eða *það skiptir* birtist 101 sinni. Eftirfarandi dæmi sýna notkun orðsins:

(15) *Hvort viltu blátt eða rautt? Skiptir.*

(16) *gaur skiptir.*

(17) *e skiptir.*

Einnig sjást stöku dæmi þess að klippt sé framan af segðum, til dæmis *kjafri* í stað *haltu kjafri* sem kom tvisvar fyrir í hvorri könnun. Á heildina litið koma afklippur þó mun oftár fyrir í nýrri könnuninni en þeirri eldri og þær virðast hvorki bundnar við erlend orð né íslensk.

Séríslenskir bókstafir virðast á undanhaldi, en þá er sérstaklega átt við að broddstafir séu ritaðir án kommu, til dæmis *o* í stað *ó* og *u* í stað *ú*, frekar en að *þ*, *ð* og *æ* séu umritaðir. Eftirfarandi dæmi um slíkt eru svör við vefkönnuninni:

(18) *djö er mikill stemmari her...allir sma litlir i ser eða?*

(19) *blessud, hvað segiru gott?*

(20) *kemuru ut i sigo?*

Höfundar dæmanna rita hvergi broddstafi en í dæmum (18) og (19) kemur íslenski bókstafurinn *ð* þó fyrir. Eflaust er komnum sleppt í því skyni að flýta fyrir ritun, en sums staðar virðist notkun íslenskra bókstafa nánast tilviljanakennd í svörum við vefkönnuninni líkt og sjá má í dæmi (19) þar sem bókstafurinn *d* er notaður til að túlka *ð* þó að bókstafurinn *ð* komi síðan fyrir í næsta orði á eftir.

Til að kanna notkun broddstafa eru þrjú orð sem koma fyrir í svörum beggja kannana valin af handahófi en það eru orðin *fáviti*, *skrýtin(n)/skrítin(n)* og *hómí* (e. *homie*). Í 2000-könnuninni er orðið *fáviti* ávallt ritað með

broddstafnum *á* og því er hlutfallið milli ritmyndanna *fáviti/fáviti* 100/0% (72/0). Í vefkönnuninni er það hins vegar sex sinnum ritað með bókstafnum *a* í stað *á* og hlutfallið þannig 89/11% (48/6). Hlutfallið milli ritmyndanna *skrytin(n)/skritin(n)* og *skrytin(n)/skritin(n)* í 2000-könnuninni er sömuleiðis 100/0% (12/0) en í vefkönnuninni er það 95/5% (113/6). Að lokum er hlutfallið milli ritháttarins *bómí* í samanburði við hefðbundinn enskan rithátt, *homie*, 52/48% (26/24) í 2000-könnuninni, en er 8/92% (8/97) í vefkönnuninni. Þessi þrjú dæmi gefa öll til kynna minnkandi notkun broddstafa en þörf er á frekari rannsóknum til að fullyrða um það.

Enn eitt dæmi um áhrif stafrænnar tækni á ritun sem tengist skilvirkni og kemur fram í svörum við vefkönnuninni eru augljósar innsláttarvillur eins og til dæmis *hvap segiru?* > *hvad segiru?* og *águgavert* > áhugavert. Þær geta komið til vegna nálægðar milli takka, en skýringin kann einnig að felast í auknum hraða og frjálslýndi í ritun með auknum skriflegum samskiptum. Eðlilegt er að ritvenjur breytist í takt við breytta tíma en svo virðist sem unglingar séu færir um að rita mál sem flæðir rétt eins og talað mál með tilheyrandi frávikum og blæbrigðum.

### C) Óvenjuleg notkun stafatákna

Í svörum við vefkönnuninni má greina ýmiss konar tilraunastarfsemi eða frávik er varða notkun tákna. Ný tákn hafa rutt sér til rúms og töluverð aukning hefur orðið í notkun sumra greinarmerkja. Hefðbundnar ritreglur gilda ekki á samskiptamiðlum heldur er málhöfum frjálst að leika sér með tungumálið að vild. Ein birtingarmynd stafrænnar tækni í rituðu slangurmáli unglinga er aðferð sem kalla má endurstöfun, annars vegar sjónræna og hins vegar hljómræna (e. *visual/phonetic respelling*).<sup>31</sup> Sjónræn tilbrigði við rithátt kallast það þegar tölustafur eða annað tákn sem ekki tilheyrir hefðbundnu stafrófi er notað í stað bókstafs. *Tafla 4* sýnir lista yfir slík orð í svörum þátttakenda og til glöggvunar kemur einnig fram undir hvaða liðum endurstafanirnar voru ritaðar.

<sup>31</sup> Sjá til dæmis Manuel Perea, Joana Acha og Manuel Carreiras, „Eye movements when reading text messaging (txt msgng)“, *The Quarterly Journal of Experimental Psychology* 62: 8/2009, bls. 1560–1567, hér bls. 1561; Lieke Verheijen, „WhatsApp with social media slang?“, bls. 81.

Ritháttur í svörum	Fjöldi	Hugtak
ca\$h	1	PENINGAR
\$money	1	PENINGAR
a\$\$	11	RASS
a\$\$\$\$	1	RASS
pu\$\$y	2	KYNFÆRI KVENNA
@-a	1	SENDA SKILABOÐ
m8	4	VINUR
gr8	3	FRÁBÆRT!
7mli/7mla	3	VINUR/VINKONA
100p	1	ÖRUGGLEGA!
100%	8	ÖRUGGLEGA!
10/10	5	FALLEG(UR)
0/10	3	LJÓT(UR)
40%+	1	ÁFENGI
IQ200	1	GÁFADUR/-UÐ

Tafla 4: Svör sem sýna sjónræn tilbrigði við rithátt.

Eins og sést í *Töflu 4* kom dollaramerki fyrir í svörum við vefkönnuninni. Það birtist í stað bókstafsins *s* í orðunum *cash*, *ass* og *pussy* en kemur einnig fyrir í svarinu *\$money*, og eitt og sér sem sjálfstætt tákn fyrir peninga, tvisvar ritað \$\$ og einu sinni \$\$\$.<sup>32</sup> Þannig tengist notkun dollaramerks merkingarlegu innihaldi orðanna. Til samanburðar ritaði einn þátttakandi 2000-könnunarinnar dollaramerkið sem svar undir liðnum PENINGAR en það var ekki sjáanlegt annars staðar.

Orð eða orðhlutar sem eru samhljóma tölum (e. *alphanumeric homophone*) koma fyrir í svörum við vefkönnuninni og sem dæmi má nefna *m8* sem fjórir þátttakendur rituðu í stað enska orðsins *mate* ‘félagi’, og *gr8* sem þrjár rituðu í stað *great* ‘frábært’. En þó svo að enska sé áberandi þegar kemur að frumlegum ritmyndum má finna þess dæmi að þátttakendur bregði á leik við stafsetningu íslenskra orða og orðasambanda. Til að mynda flokkast slangurýrðin *7mli* (> *sjomli*) og *7mla* (> *sjomla*), sem dregin eru af orðunum *gamli* og *gamla*, sem sjónræn endurstöfun.

<sup>32</sup> Einnig kom dollaramerkið fyrir sem táknmynd, það er inni á mynd af peningaseðli sem fylgdi orðinu *cash*.



Hljómræn endurstöfun (e. *phonetic respelling*) kallast það þegar orð eru stafsett á óhefðbundinn hátt með bókstöfum til að líkja eftir framburði. Í skilaboðasendingum þekktist vel að stakir samhljóma bókstafir komi í stað heilla orða, til dæmis *c u > see you* ‘sé þig’, en hugtakið hljómræn endurstöfun getur náð yfir fleira. Til að mynda rituðu tveir þátttakendur vefkönnunarinnar *sux* í stað *succs* ‘sökkar/glatað’ og einn ritaði *kewl* í stað *cool* ‘svalt’. Í þennan flokk falla einnig aðlagðar ritmyndir aðkomuorða (til dæmis *kúl > cool* og *næs > nice*) þó ekki sé hægt að fullyrða nokkuð um áhrif stafrænnar tækni í því samhengi, enda gætti heldur meiri aðlögunar að íslensku í svörum við eldri könnuninni en þeirri yngri.<sup>33</sup> Samt sem áður gefur slík hljómræn endurstöfun til kynna að málnotandinn líti á textann sem talað mál.<sup>34</sup> Það á ekki síður við um óhefðbundinn rithátt íslenskra orða og orðasambanda sem sést til dæmis í svörunum *hættessu > hettu þessu*, og *jamarh > já maður*.

Athuganir á netsamskiptum hafa sýnt að upphrópunar- og spurningarmerki eru notuð að vild til að líkja eftir munnlegum tjáskiptum og til áhersluauka.<sup>35</sup> Androutsopoulos telur jafnvel að innan vinahópa sé gjarnan ætlast til yfirdrifinnar notkunar slíkra merkja, og að hefðbundin notkun á þeim kunni að vera túlkuð sem tómlæti eða áhugaleysi.<sup>36</sup> Í svörum við vefkönnuninni kemur óhefðbundin notkun greinarmerkja fram í dæmum eins og:

(21) *brooo, wtf!?!?*

(22) *bleessaður hvað segir kjéllinn?!*

Samkvæmt athugunum Isenmann á netsamskiptum á íslensku er endurtekning punkta jafnvel enn algengari en endurtekning upphrópunar- og spurningarmerkja<sup>37</sup>, og í svörum við vefkönnuninni má sjá eftirfarandi dæmi:

(23) *gaaaauur...Ejjj ugh það er saad.*

(24) *blessuð/aður...kannski stundum bæti ég við meistari.*

Margföldun punkta er ein leið til þess að líkja eftir munnlegum tjáskiptum og gefa til dæmis til kynna þögn eða hik.

Í aðlögun aðkomusagna að íslensku tíðkast að bæta endingunni *a* í lok

<sup>33</sup> Ragnheiður Jónsdóttir, „Fáðu þér eina smellý og chillaðu broski“, bls. 88–89.

<sup>34</sup> Sbr. hugmyndir Androutsopoulos um talmálsupplifun í netsamskiptum. Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 145–160.

<sup>35</sup> Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, bls. 82–83; Lisa Hilde o.fl., „Social media writing and social class“, bls. 77.

<sup>36</sup> Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 155.

<sup>37</sup> Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, bls. 83.

orðs í nafnhætti.<sup>38</sup> Það er víða gert í svörunum en það sem vekur sérstaka athygli er óvenjuleg notkun greinarmerkja til að aðskilja grunnorð frá endingu. *Tafla 5* inniheldur þrjú oftast nefndu slanguryrðin (grunnorð ásamt tilbrigðum), sem nefnd voru í vefkönnuninni yfir það að SENDA SKILABOÐ Í GEGNUM SAMFÉLAGSMIÐLA. Líkt og sjá má í töflunni gætir mikillar fjölbreytni í rithætti hinna nýju sagna. Tölurnar í sviga sýna fjölda tilvika einstakra orð-eða ritmynda.

Röð	Orð	Fjöldi
1	message (26), messagea (8), message-a (1), messege-a (messeigja) (1), messengea (1), measagea (1), messageaði (1), messaga (1), messengerast (1), message-a (13), message-aðu (1), messega (13), senda message (7), senti henni/honum message (1), skilaboð á messege (1), skjóta message (1), messenger (3), sendi þér skilaboð á messenger (1), senda á messenger (2), skrifa á messenger (2), messenge (1), messenga (1), messege (1), mesaage (1), massage (1), messanger (1), msg (1), senda msg (1), msg a (1), msg-a (1), Dm (61), Dm-a (27), DMa (dé-emma) (1), Dm (dé emma) (1), díemm-aði (1), direct (1), DMAð (1) DMa (7), Dm/a (1), senda dm (11), senda á dm (direct messege á instagram) (1), ég sendi þér á dm (1), Dms (2), Dm's (2), Dm'a (3), slæta í dm (1), slid-a í dm (1), slæda í dm (1), Pm (13), Pm-a (3), senda pm (2)	238
2	text (16), texta (186), text-a (3), textaði (1), teksta (1), tekstera (1), text-ing (4), senda text (2), sexta (2), sexting (2)[1]	218
3	snap (30), snappa (143), snapaðu (2), snappaði (1), snappaðu (1), snappaðu mig (1), snapa (5), snapp (5), senda snapp (7), senda snap (9), ég sendi þér snap (1), sendi skilaboð á snap (2), senda á snap (1), sentu bara í snap (1), sendu mér bara snap (1), smappa (1)	211

[1] Sexta/sexting merkir að senda kynferðisleg skilaboð (e. sexual text).

Tafla 5: Svör undir liðnum SENDA SKILABOÐ Í GEGNUM SAMFÉLAGSMIÐLA.

Undir þessum lið bárust alls 1137 svör og af þeim flokkast 770 sem nýleg aðkomuorð úr ensku, eða um 68%, sem er óvenju hátt hlutfall í samanburði við aðra liði könnunarinnar. Skýringin er eflaust sú að notendaviðmót á samfélagsmiðlum og heiti forrita eru yfirleitt á ensku. Líkt og sjá má á *Töflu*

<sup>38</sup> Ásta Svavarsdóttir, „Tilpassning af importord í islandsk“, *Med 'bil' i Norden i 100 år. Ordlagning og tilpassning av utalandske ord*, ritstjóri Helge Sandøy, Ósló: Novus, 2003, bls. 75–81, hér bls. 79.

5 eru oftast nefndu orðin, það er *message*, *text* og *snapp* ásamt tilbrigðum, öll komin úr ensku. Athygli vekur hvernig bandstrik eru notuð til þess að greina grunnorð frá beygingu, til dæmis í *message-a*, *text-a*, *dm-a* og *pm-a*. Á sama hátt rituðu 39 þátttakendur sögnina *game-a* þegar spurt var um slanguryrði yfir það að SPILA TÖLVULEIKI, og undir liðnum REYKJA bárust svör eins og *smoke-a* (22), *smoak-a* (1) og *smók-a* (3).

Enska grunnorðið *smoke* var það oftast nefnda undir liðnum REYKJA í báð- um könnunum og nefnt tæplega fimm hundruð sinnum í hvorri könnun. Aftur á móti var það ekki ritað nema einu sinni með bandstriki í 2000-könnuninni, það er *smoke-a*. Þetta gefur til kynna auknar vinsældir bandstriks og virðist eiga við um notkun greinarmerkja almennt því úrfellingarmerki, skástrik og svigar eru einnig notaðir til aðgreiningar í svörum. Verið getur að frumleg og frjálsgleg notkun greinarmerkja eins og sést til dæmis í svörum *smoke'a*, *DMA*, *Dm/a* og *game(a)* sé tilkomin vegna aukinna máláhrifa úr ensku eða einfaldlega vegna frelsis undan ritreglum í netheimum.

## Samantekt og umræða

Hér hefur verið fjallað um áhrif stafrænnar tækni sem birtast í rituðu slangurmáli unglinga og talin upp atriði sem ætla má að séu nýtilkomin eða virðast hafa aukist samhliða aukinni netnotkun á síðustu tuttugu árum. Titill greinarinnar, „brooo, wtf!?!?“, er dæmi sem þátttakandi vefkönnunar um slangur útbjó til að sýna hvernig nota mætti tiltekin slanguryrði en það er jafnframt nokkuð lýsandi fyrir áhrif stafrænnar tækni sem birtast í svörum þeirra rúmlega þúsund unglinga sem tóku þátt í könnuninni. Þar að auki endurspeglar dæmið nokkur sameiginleg megineinkenni óformlegra netsamskipta (það er talmálsupplifun, táknfræðilega uppbót, skilvirkni og nýstárlega notkun stafatákna).<sup>39</sup>

Í fyrsta lagi samræmist stíllinn á dæminu í titlinum ekki hefðbundnum viðmiðum ritmálsins, enda er ætlunin að líkja eftir óformlegum, munnlegum tjáskiptum með frjálsglegum orðaforða og rithætti. Í öðru lagi kemur fram stafamargföldun í enska slanguryrðinu *bro*, það er *brooo*, eins konar hljóðlenging sem líkir eftir framburði. Í þriðja lagi er nýstárlegri notkun upphrópunar- og spurningarmerkja ætlað að bæta upp fyrir þá áherslu sem tapast auðveldlega í ritun en felst í hljómfalli, svipbrigðum og líkamstjángingu. Að því gefnu að lesendur og ritendur skilji táknið á sama hátt má segja

<sup>39</sup> Sjá Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 150–153; Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, bls. 69–91.

að færri þættir munnlegra samskipta tapist með öllu í ritunarferlinu eftir því sem fleiri valkostir eru nýttir. Í fjórða lagi er skammstöfun enska orðasambandsins *what the fuck (wtf)* lýsandi fyrir hvers kyns aðferðir við að stytta og flýta fyrir ritun. Aðkomuorð og -orðasambönd úr ensku ýta án efa undir talmálsupplifun í netsamskiptum á íslensku, en líkt og Isenmann bendir á þá flokkast þau ekki beinlínis sem einkenni netsamskipta enda eru þau almennt áberandi í óformlegu máli hér á landi.<sup>40</sup>

Hér í upphafi voru settar fram þrjár rannsóknarspurningar og sú fyrsta var á þessa leið: 1) Hvaða aðferðir nota unglingar til að koma til skila einkennum talaðs máls sem annars glatast í ritun, til dæmis tónfalli, raddblæ, áherslum, svipbrigðum og líkamstjáningu? Svárið við henni er ekki einhlítt því til þess eru fjölmargar leiðir færar. Meðal þess sem sjá má í svörum unglínganna við vefkönnuninni eru svokallaðar táknmyndir sem sýna svipbrigði og hreyfingar sem annars tapast í ritun. Jafnframt eru hástafir notaðir til þess að tjá áherslu eða upphrópun, og bókstafir eru margfaldaðir meðal annars til þess að gefa tiltekinn framburð til kynna eða til áhersluauka.

Önnur rannsóknarspurningin hljóðaði svo: 2) Hvaða áhrif hefur notkun snertiskjáa og lykklaborða á rithátt? Svárið við henni er í beinu framhaldi af síðasta svari því áhrifin koma ekki síst fram í því flæði sem myndast í textanum þegar talað mál er tjáð í ritun. Það að rita til dæmis ekki kommur yfir bókstafi eða að rita lágstafi þar sem venju samkvæmt ættu að vera hástafir virðast áhrif frá notkun snertiskjáa og lykklaborða, sem jafnframt gera notendum kleift að skrifa hratt og líkja eftir munnlegum samskiptum. Ýmiss konar styttingar, skammstafanir og leikur að stöfun þjónar ekki síst þeim tilgangi að flýta fyrir ritun en getur sömuleiðis skipt máli í sköpun sjálfsmýndar, rétt eins og almennt gildir um slangur. Til að mynda geta stíleinkenni eins og broddlausir bókstafir og stafamargföldun tilheyrt ákveðnum netsamskiptastíl og verið viðeigandi í samskiptum innan vínahópa þó þau séu ekki jafn viðurkennd í öðru samhengi.<sup>41</sup>

Þriðja og síðasta rannsóknarspurningin var þessi: 3) Má greina mun á áhrifum stafrænnar tækni eftir uppruna orða? Flest þeirra einkenna sem talin hafa verið upp hér birtast bæði í enskum og íslenskum orðum/orðasam-

<sup>40</sup> Ásta Svavarsdóttir, „English in Icelandic. A comparison between generations“, *Nordic Journal of English studies* 3: 2/2004, 153–165, hér bls. 154; Vanessa Isenmann, „Insight into computer-mediated communication“, bls. 87.

<sup>41</sup> Sbr. ályktanir Androutsopoulos um notkun upphrópunar- og spurningarmerkja í samskiptum innan hópa. Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 155.

böndum í svörum við vefkönnuninni. Hins vegar virðast þau birtast oftar í þeim ensku, sem stafar eflaust af því hve áberandi enska er á stafrænum miðlum. Í stuttu máli má segja að í svörum við vefkönnuninni birtist innlend jafnt sem erlend orð í hástöfum, afklippum, stafamargföldunum og -samdráttum, en að innlend orð séu vandfundin í endurstöfunum og í skammstöfunum með upphafsstöfum. Orð sem eiga uppruna sinn í öðrum tungumálum eru fátíð í samanburði við þau ensku og íslensku og því ekki auðsött að greina nokkur munstur í þeim.

Hafa ber í huga að stafræn tækni er ekki rót allra breytinga á ritvenjum og margt af því sem hér hefur verið fjallað um má finna í textum sem ritaðir voru löngu fyrir snjalltækjabyltinguna. Til að mynda hafa orð og orðasambönd lengi verið styttn í sparnaðarskyni. Fyrstu farsímanotendurnir spöruðu kostnaðarsöm stafabil með ýmiss konar styttingum og skammstöfunum, rétt eins og Grikkir til forna sem spöruðu bæði tíma og pappír með slíku.<sup>42</sup> Skammstöfunin *O.M.G* > *oh my god* kemur fyrir í bréfi frá 1917 sem stílað er á Winston Churchill<sup>43</sup>, og í gamansögum A. Ward frá níjtjándu öld er að finna margs konar frávik frá hefðbundinni stafsetningu sem minna á einkenni netsamskipta, til dæmis *becawz* > *because* og *bust in 2 tears* > *burst into tears*.<sup>44</sup> Og jafnvel í formlegustu textagerðum má finna styttingar eins og *jan.* > *janúar* og *R.S.V.P* > *Répondez s'il vous plaît* ‘vinsamlegast svarið’, sem sýnir að slíkt er ekki bundið við óformlegt málsnið eins og það sem tíðkast í rituðum netsamskiptum unglinga.

Stafsetning er ekki einsleitur sannleikur um rétt og rangt, heldur snýst hún í vaxandi mæli um sjálfmynd og það hvað hæfir hverju sinni.<sup>45</sup> Ákveðin viðmið hafa myndast í óformlegum netsamskiptum en einkenni þeirra virðast ekki skila sér nema í afar takmörkuðum mæli inn í skólaverkefni nem-

<sup>42</sup> Sjá til dæmis Nikolaos Gonis, „Abbreviations and symbols“, *The Oxford Handbook of Papyrology*, ritstjóri Roger S. Bagnall, New York: Oxford University Press, 2011, bls. 170–178.

<sup>43</sup> Laura Steckman og Marilyn Andrews, *Online around the world. A Geographic Encyclopedia of the Internet, Social Media and Mobile Apps*, Santa Barbara: ABC-CLIO, 2017, bls. 325.

<sup>44</sup> Philip Shaw, „Spelling, accent and identity in computer-mediated communication“, *English Today* 94: 24/2008, bls. 42–49, hér bls. 43. (Þessi dæmi er að finna í bók eftir Artemus Ward, *His book*, sem kom upphaflega út árið 1862. Í grein sinni tekur Shaw fyrir fleiri áhugaverð dæmi úr þeirri bók og skýrir í samhengi við netsamskipti.)

<sup>45</sup> Sjá til dæmis Tim Shortis, „Revoicing Txt. Spelling, vernacular orthography and ‘unregimented writing’“, *Connected Minds, Emerging Cultures. Cybercultures in Online Learning*, ritstjóri Steve Wheeler, Charlotte, NC: IAP, 2009, bls. 225–246, hér bls. 240.

enda<sup>46</sup> enda hafa rannsóknir á viðhorfi til viðeigandi málnotkunar sýnt að ungt fólk gerir skýran greinarmun á ólíkum textategundum.<sup>47</sup> Enn fremur geta netsamskipti ýtt undir frumlega notkun unglunga á tungumálinu og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif skilaboðasendinga á læsi.<sup>48</sup> Það er því ekkert sem bendir til þess að stafræn tækni muni umbylta almennum ritvenjum heldur hefur hún einfaldlega fært okkur nýjan veruleika og nýja valkosti í ritun. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun mála á næstu árum, og ekki síst þróun unglíngamáls á Íslandi.

## ÚTDRÁTTUR

„brooo, wtf!?!?“

### Um áhrif stafrænnar tækni á ritun slangurs meðal unglunga

Skólaárið 2019–2020 svöruðu 1096 unglíngar víðs vegar um landið rafrænni könnun um slangur. Þessi grein fjallar um það hvernig áhrif stafrænnar tækni birtast í svörum. Sams konar könnun var lögð fyrir haustið 2000 en þá handskrifuðu nemendur svör sín. Samanburður á þessum tveimur könnunum bendir til þess að netsamskipti með lyklaborðum og snertiskjáum geti ýtt undir frumlega notkun unglunga á tungumálinu. Hin hefðbundna hugmynd um að formlegt málsnið hæfi best í rituðu máli á ekki lengur við enda væri nær að lýsa þeim viðmiðum sem myndast hafa í netsamskiptum sem nýju málsniði á mörkum ritmáls- og talmálsstíls. Meðal þess sem virðist hafa aukist síðan um aldamótin er ýmiss konar leikur að stöfun, margföldun bókstafa, skammstafanir, afklippur og aðrar styttingar. Flest atriðin sem fjallað er um í greininni birtast bæði í íslenskum og enskum orðum í svörum þátttakenda en virðast þó heldur algengari í þeim ensku.

*Lykilorð:* netsamskipti, stafræn tækni, slangur, unglíngamál

<sup>46</sup> Sjá til dæmis Christa Dürscheid, Franc Wagner og Sarah Brommer, *Wie Jugendliche schreiben. Schreibkompetenz und neue Medien*, Berlín og New York: De Gruyter, 2010; Jannis Androutsopoulos, „Language change and digital media“, bls. 148.

<sup>47</sup> Sjá til dæmis Ara Pál Kristinsson og Amanda Hilmarsson-Dunn, „Evaluation of different registers in Icelandic written media“, bls. 331–354.

<sup>48</sup> Sjá til dæmis David Crystal, *Internet Linguistics*, bls. 5; Beverly Plester, Clare Wood og Puja Joshi, „Exploring the relationship between children’s knowledge of text message abbreviations and school literacy outcomes“, *British Journal of Developmental Psychology* 27: 1/2009, bls. 145–161; N. Kemp og C. Bushnell, „Children’s text messaging. Abbreviations, input methods and links with literacy“, *Journal of Computer Assisted Learning* 27: 2011, bls. 18–27, hér bls. 26.

## ABSTRACT

„brooo, wtf!?!?“

### The Influence of Digital Technology on Spelling in Youth Slang

During the 2019–2020 school year, 1096 teenagers across Iceland responded to an electronic survey on slang. This article discusses how the impact of digital technology is reflected in their responses. A similar survey was conducted in 2000, when paper copies of a similar survey were sent to schools by mail. A comparison of the results of the two surveys suggests that computer-mediated communication, keyboards and touch screens encourage the use of creative language among teenagers. The conventional idea of a correlation between written language and formal language with standard spelling no longer applies. Instead, computer-mediated communication could be better described as a new style, somewhere between written and spoken language. Among the elements that seem to have increased since the turn of the century are the playful use of non-standard spelling, reduplication, clipping and other abbreviations. Most of the variants discussed in the article appear in both Icelandic and English words in the participants' answers, although they seem to be slightly more common in English.

*Keywords:* computer-mediated communication, digital technology, slang, youth language

RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Laugavegi 13

IS-101 Reykjavík, Ísland

rajo@hi.is

HELGA HILMISDÓTTIR

Rannsóknardósent á orðfræðisviði

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Laugavegi 13

IS-101 Reykjavík, Ísland

helga.hilmisdottir@arnastofnun.is

